

Evrópuferð Kiwanis 6. – 19. júlí 2011

Heimsping Kiwanis haldið í Genf í Sviss 7.-10. júlí 2011

Ferðatilhögun

Miðvikudagur 6. júlí

Flogið til Milanó á Ítalíu með Flugleiðum FI 592 kl. 16.50 lent á Malpensa flugvelli kl. 22:40. Ekið rakið á Hotel Windsor í Milanó og gist þar um nóttina.

Við erum seint á ferð og göngum fljótlega til náða. Morguninn eftir vöknum við hress, fáum okkur morgunmat og leggjum svo af stað til Genf um kl. 9:00.

Hin hefðbundni fararstjórafundur verður í rúttinni á leiðinni.



Fimmtudagurinn 7. júlí

Um morguninn verður ekið til Genf 317 km. leið. Við reiknum með að vera komin þangað um kl. 14. Við förum á hótél og setjum okkur í gírin til að takast á við heimspingið. Hotel Campanille - Annemasse Við reiknum frekar með að gista í Frakklandi. Við höfum fundið hótél í Bænum Annemasse í Frakklandi sem er fast við landamærin á Sviss. Aðeins er 7 km akstur í miðborg Genf.

Genf í Sviss, hefur verið kölluð höfuðborg friðarins og vísar það til þess að í borginni er ein helsta bækistöð Rauða krossins þó að aðalstöðvarnar séu nú í New York. Fjöldi annarra alþjóðastofnana hefur aðsetur í Genf t.d. hinar ýmsu stofnanir Sameinuðu þjóðanna og borgin hefur því yfir sér mjög alþjóðlegan borgarbrag. Borgin stendur í fögru umhverfi við Genfarvatn á báðum bökkum árinna Rónar sem rennur þarna úr vatninu áleiðis til Frakklands. Íbúar eru um 185 þúsund og opinbera tungumálið í borginni er franska.

En Genf hefur líka sín svissnesku einkenni og ef þú ert t.d. að leita að góðu úri þá er þetta klárlega draumaáfangastaðurinn, með þekktustu úraframleiðendur heimsins á öðru hverju götuhorni.

Föstudagur 8. júlí

Þing

Laugardagur 9. júlí

Þing



Við vöknum upp á sunnudagsmorgni og skyldustörfum okkar fyrir Kiwanishreyfinuna er lokið í bili og við tekur skemmtun og ferðalög.

Ferðanefnin hefur oft fengið hrós fyrir að velja fjöllin umfram annað. Við höfum líka oft verið skammaðir fyrir að gista eingöngu í einhverjum krummaskuðum þar sem ekkert er við að vera.

Núna verðum við varla skammaðir fyrir það því umgjörð þessarar ferðar eru Alparnir í allri sinni dýrð og ein mikilfenglegasta borg í Evrópu, París. Þekkt fyrir feðurð, söfn og skemmtanalíf.

Sunnudagur 10. júlí

Ekið til Interlaken 215 km og gisti í 3 nætur á City Hotel Oberland. 191 herbergja hótél sem býður Svissnesk þægindi, gestrisni og fallegt umhverfi við rætur fjallana Eiger, Mönch og Jónfrúarinnar. Þetta svæði er einstaklega skemmtilegt og býður upp á mikla möguleika í stuttum dagsferðum.




Interlaken er í 570 metra hæð yfir sjó. Borgin er staðsett milli vatnanna Brienz til austurs og Thun til vesturs. Borgin dregur nafn af landfræðilegri stöðu sinni milli vatnanna (Á latínu inter lacus) Áin Aare rennur í gegnum bæinn og tengir vötnin saman.



Mánudagur 11. júlí

Kl.10 Stutt ökuferð og þá komum við að stað sem heitir Gletscherschlucht eða Glacier Gorge. Þetta eru 2 fjöll sem standa svo þétt að hægt er að teygja sig á milli. Gengið er um ótrúlega fallett og hrikalegt gil sem aðskilur fjöllin. Gengið er á göngustíg sem hangir utan í berginu eða í jarðgöngum. Hæðarmismunur er 155 metrar en gangan er 573 metrar og tekur 45 mínútur. Þegar út úr gílinu kemur bíður rútan okkar en við fáum okkur kaffisopa áður en haldið er af stað.



Ekið til Grindelward. Bærinn sjálfur stendur í 1034 m. hæð en við ökum að skriðjöklinum við Grindelward. Jökullinn hefur hopað mikið á síðustu 20 árum. Fyrir þá sem vilja er hægt að komast nær jöklinum en þá þarf að klífra stiga utan á berginu of eru það einar 1000 tröppur. Þar uppi er lítið kaffihús. Starfsfólkið þar fer þarna upp og niður daglega. Þarna trónir tindurinn Eiger yfir bænum en hann hefur verið vettvangur James Bond mynda.



Í eftirmiðdaginn verður ekið heim á hótél og kvöldið er ykkar.

Þriðjudagur 12. júlí

Toppur Evrópu.

Ef veður leifir er ætlunin að fara upp á fjallið Jónfrúna. Klífrað er upp fjallið í lestum sem ganga á spori sem meitlað er í klappirnar eða grafín í göngum inn í fjallinu. Síðasta spölinn er farið upp í lyftu í 4571 metra hæð. Hugmyndin að lestargöngunum inn í fjallinu kom fram 1893 en hæsta lestarstöð í Evrópu var opnuð 16 árum síðar 1912 í 3454 metra hæð.





Miðvikudagur 13. júlí

Ekið til Chamonix við rætur Mont Blanc í Frakklandi 233 km leið. Gist í 3 nætur á Hotel Alpina - Best Montblanc . The Hotel Alpina er staðsett í miðbæ Chamonix. Herbergin eru rúmgóð og þægileg og snúa annaðhvort að hrikalegum hlíðum Brévent, eða Mont Blanc. Veitingasalur er á 7. hæð hótelsins en margskonar þjónustu og dekur er það einnig að fá. Hér gefum við frían dag. Upplagt að skoða sig um í þessum fallega bæ og sjá hvað hann hefur upp á að bjóða.

Fimmtudagur 14. júlí

Hérna gefst kostur á að fara upp í fjallið með kláfum eða dagaurinn er frjáls.



Eins og sjá má á myndinni er hægt að taka kláf upp í 3842 metra hæð. Þaðan er hægt að svífa meðfram tindri Mont Blanc sem er 4810 metrar og er hæsti tindur Evrópu. Þetta hlýtur að vera alveg einstök tilfinning að svífa þarna yfir jöklinum í svo tignarlegu landslagi.

Þarna sjáið þið kláfinn koma inn á tindinn Aiguille du Midi í 3842 metra hæð. Þvílíkt útsýni.



Föstudagur 15. júlí

Í dag finnum við skemmtilegan stað til að heimsækja. Eitt af því sem kemur til greina er borgin Annecy 105 km leið. Bærinn stendur á bakka stöðuvatns og áin Thiou rennur í um bæinn. Mörg yndisleg lítil veitingahús og barir standa á árbakkanum. Borgin hefur stundum verið nefnd Feneyjar Frakklands. Við gerum gott stopp í Annecy áður en við höldum heim á hótél.



Laugardagur 16. júlí

Ekið til Parísar 616 km leið. Við vöknum snemma og höldum af stað kl. 8 um morguninn. Þetta er nokkuð löng keyrsla en ekkert við því að gera því Genf liggur alltaf illa við flugi til Íslands. Þetta verður langi dagur ferðarinnar en reyndar sá eini. Við ökum beint á hótelið Hotel Mercure Terminus Nord 236 herbergja 3. Stjörnu hótél sem hefur fengið góðar umsagnir.

Séu úthverfi Parísar talin með er íbúafjöldinn 8,5 milljónir. París er langstærsta borg Frakklands. Hún er efnahagsleg og menningarleg heimsborg. París er eitt þétt- og fjölbýlasta svæði jarðar.



Í dag er París talin vera einn af fegurstu og mest lifandi borgum í Evrópu. Borgin byggðist upp út frá eyju í ánni Signu þar sem er hinn sögulegi miðbær og dómkirkjan Notre Dame.

París hefur sennilega fleiri þekkt kennileiti en nokkur önnur borg í heimi. Þar af leiðandi koma gestir með alls konar væntingar.

Við skulum litast um.



Sunnudagur 17. Júlí og mánudagur 18. Júlí

Skoðum okkur um í París.

Söfnin, Eiffel turninn, Sigling á ánni Signu

Rauða Millan eitt kvöldið.

Sigurboginn Hinn stærsti
sinnar tegundar í heiminum



Notre Dame dómkirkjan , helguð Maríu mey.
Kirkjan var reist á árunum 1163 til 1345

Möguleikarnir eru endalausir



Pompidou-safnið

Byggingin er sérstök, svo ekki sé meira sagt. Arkitektúr hússins er óvenjulegur og húsið sker sig úr nánasta umhverfi, enda voru miklar deilur um byggingu þess. Gagnrýnisraddirnar eru að mestu hljóðnaðar enda hefur húsið haft þýðingarmiklu hlutverki að gegna í listalífi borgarinnar.

Louvre safnið er eitt stærsta listaverkasafn í heimi og hefur að geyma sum af frægustu listaverkum miðalda.

Ekki hefur mikla þýðingu að reyna telja til þekktustu verkin, en þó má nefna Monu Lisu, sennilega eitt frægast málverk í heimi.



Þriðjudagur 19. júlí

Flogið heim frá Charles de Gaulle flugvelli með Flugleiðum FI 543 kl. 14:15 og lent í Keflavík kl. 15:45

Áætlað verð 1800 Evrur

Sætaframboð 40 sæti

Staðfesting með innborgun þarf að gera um áramót

2. innborgun 1. mars

Lokagreiðsla mánuði fyrir brottför

Hafa samband við Björn 694 7300 eða Diðrik 899 1790

Góða ferð